

Ed. 868. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [54. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 636 (sbr. 602) með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

I

Kosning sýslunefnda vorið 1986 fer fram skv. ákvæðum IV. kafla laga nr. 58 29. mars 1961, með síðari breytingum, og skulu þær fara með umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geta tekið við verkefnum þeirra, en þó ekki lengur en til 31. desember 1988.

Oddvitar sýslunefnda skulu hafa forgöngu um flutning verkefna og önnur skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Ráðuneytið skal setja nánari reglur um þessi efni.

II

Kosningar sveitarstjórna vorið 1986 skulu fara fram laugardaginn 31. maí nema í þeim sveitarfélögum þar sem færri en $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru búsettir í kaupúnum. Þar skulu kosningarnar fara fram laugardaginn 14. júní. Að öðru leyti gilda ákvæði þessara laga um þær kosningar.